

# ÚRSKURÐUR

## áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 16/1998

Borgar Apótek

gegn

samkeppnisráði

### I.

Með bréfi, dags. 7. desember 1998, hefur Vigfús Guðmundsson, f.h. Borgar Apóteks, kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 44/1998](#), dags. 25. nóvember 1998.

Með ákvörðuninni bannar samkeppnisráð, með vísan til 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga og með heimild í 51. gr. sömu laga, Borgar Apóteki að nota stafaskiltið „Lyfjabúð“ eins og það er úr garði gert.

Áfrýjandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Samkeppnisráð krefst þess að ákvörðunin verði staðfest með vísan til forsendna.

### II.

Málavextir eru þeir að í október 1998 barst Samkeppnisstofnun erindi frá Jóni Sveinssyni, hrl., f.h. Lyfju vegna stafaskiltis Borgar Apóteks sem komið hafði verið fyrir á húsnæði fyrirtækisins að Álftamýri 1 í Reykjavík. Taldi kvartandi að útlit og notkun skiltisins væri í andstöðu við samkeppnislög og bryti gegn firma- og vörumerkjarétti hans.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs er ítarlega lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 25. nóvember 1998 var tekin ákvörðun í máli þessu. Ákvörðunarorðin eru svohljóðandi:

„Með vísan til 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Borgar Apóteki, Álftamýri 1, Reykjavík, að nota stafaskiltið „Lyfjabúð“ með þeim hætti sem gert er. Skiltið er þannig úr garði gert að fyrri hluti orðsins „Lyfja“ er myndað úr tvöfalt stærri stöfum en seinni hluti orðsins „búð“. Bannið tekur gildi þann 10. desember 1998.

Verði banninu ekki fylgt mun viðurlögum samkeppnislaga verða beitt.“

Mál þetta var flutt munnlega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 5. janúar 1999.

### III.

Áfrýjandi bendir á að firmaheiti upphaflegs kvartanda, „Lyfja“, sé aðeins fyrrihluti orðsins „lyfjabúð“ sem ekki geti verið bannað að nota. Skilti það sem um sé deilt sé einungis heitið „Lyfjabúð“ og því eigi ekki að vera unnt að banna notkun skiltisins.

Áfrýjandi fellst ekki á það mat samkeppnisráðs að litur og stafagerð umræddra skilta séu lík. Hann bendir á að bókstafirnir í merki „Lyfju“ séu hvítir en ekki grænir eins og í merki sínu. Að hans mati er ekkert líkt með skiltunum nema að þau innihaldi að hluta til sömu bókstafi.

Til stuðnings kröfu sinni um að hin kærða ákvörðun verði staðfest vísar samkeppnisráð til forsendna hennar.

### IV.

#### Niðurstöður.

Skilti það sem um er deilt í máli þessu er þannig úr garði gert að það ber áritunina „Lyfjabúð“, en þó með þeim hætti að fyrrihluti orðsins, „Lyfja“, er með helmingi stærri lettri en síðari hlutinn „búð“. Líkist skiltið því mjög skilti fyrirtækisins Lyfju sem er í næsta nágrenni og eru því líkindi til að viðskiptavinir villist á merkjunum.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála fellst á þær niðurstöður og röksemdir samkeppnisráðs sem fram koma í hinni kærðu ákvörðun. Ber því að staðfesta hana.

V.

**Úrskurðarorð.**

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 44/1998, dags. 25. nóvember 1998, er staðfest.

Reykjavík, 13. janúar 1999.

Páll Sigurðsson

Magnús H. Magnússon

Anna Kristín Traustadóttir